




SKÝRINGARUPPDRATTUR


Ekki í mælikvarða




SKÝRINGAR - SKÝRINGARUPPDRATTUR

- Núverandi afmörkun fristundabyggðar
- Núverandi afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæðis
- Lóðamörk fristundalóða
- Tillaga að afmörkun fristundabyggðar
- Tillaga að afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæðis

HLUTI GILDANDI AÐALSKIPULAGS



TILLAGA AÐ BREYTINGU



SKÝRINGAR - LANDNOTKUNARFLOKKAR

- Íbúðarbyggð
- Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Öbyggt svæði
- Iðnaðarsvæði
- Efnistöðusvæði
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Háspennulína 220 kV
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Svæði á náttúruminjasrá
- Hverfisvernd
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnvernd fjarsvæði
- Landamerki, óstaðfest
- Ræktað land
- Landbúnaðarland, flokkur I og II

MÖÐRUVELLIR 1 - AFMÖRKUN Á LANDNOTKUNARREIT FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐ

Um er að ræða óverulega breytingu Aðalskipulags Kjósarhrepps 2017-2029 sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem breyta á afmörkun landnotkunarreits fristundabyggðar F15c, skógræktar- og landgræðslusvæðis SL2 og landbúnaðarsvæðis, í landi Möðruvalla 1. Um er að ræða leiðréttingu á afmörkun fristundabyggðarinnar, þar sem afmörkun hennar var ekki breytt til samræmis við stofnaðar fristundalóðir við endurskoðun Aðalskipulags Kjósarhrepps 2017-2029, en lóðirnar voru stofnaðar í kringum 2006. Breytingin hefur ekki veruleg áhrif á landnotkun eða líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.

Núverandi fristundabyggð er um 9 ha, en stækkar um 1,5 ha og verður í heild sinni 10,5 ha að stærð. Núverandi skógræktar- og landgræðslusvæði er um 34 ha en minnkar um 4 ha og verður 30 ha. Samhlíða staðfestingu óverulegrar breytingar aðalskipulags í landi Möðruvalla 1 verður deiliskipulag fristundabyggðar Brekkna samþykkt.

Innan fristundabyggðar F15c eru 10 fristundalóðir, en sex þeirra ná út fyrir afmörkun fristundabyggðarinnar skv. staðfestu aðalskipulagi. Þrjár lóðir ná inn á landnotkunarreit skógræktar- og landgræðslusvæðis; ein fer bæði inn á landnotkunarreit skógræktar- og landgræðslusvæðis og landbúnaðarsvæðis; og tvær fristundalóðir ná einvörðungu inn á landbúnaðarsvæði. Breytingin felur í sér að stækka fristundabyggðina til samræmis við stofnaðar fristundalóðir. Breytingin hefur það í för með sér að skógræktar- og landgræðslusvæði og landbúnaðarsvæði minnkar sem nemur stækkun fristundabyggðarinnar.

Á skógræktar- og landgræðslureit SL2 er í gildi ræktunarsamningur við Skógræktina, búið er að endurskoða samninginn í samræmi við nýja afmörkun skógræktar- og landgræðslureitsins.

Hluti af fristundalóð Brekkum 8 er skilgreind á landbúnaðarlandi sbr. aðalskipulagi, það svæði er gróðurvaxið og er ekki æskilegt til landbúnaðar. Lóðirnar Brekkur 4, 5, 6 og 9 eru að hluta til á skilgreindu skógræktar- og landgræðslusvæði sbr. Aðalskipulagi Kjósarhrepps. Brekkur 6 er enn fremur að hluta til á landbúnaðarsvæði, en ekki er um að ræða gott land til ræktunar vegna halla þess og að land hallar til norðurs. Hluti af fristundalóð Möðruvalla 14 er á skilgreindu landbúnaðarsvæði sbr. aðalskipulagi, landbúnaðarsvæðið er við rætur Möðrudalshálsar og nær niður að Meðalfellsvegi, svæðið hallar í norður og er í miklum halla og er því ekki talið vera gott land til ræktunar, einnig er búið að gróðursetja á svæðinu.

Skipulagssvæðið er innan náttúruminjasrá nr. 134, þ.e. Laxárvogur og Laxá í Kjósarheppi. Um er að ræða vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ösi og upp að vatnaskilum, breyting á afmörkun landnotkunarreitanna hefur ekki neikvæð áhrif á svæðið.

Búið er að vinna forleifaskráningu á svæðinu, samkvæmt henni er enginn minjastaður skráður í eða við skipulagssvæðið (heimild: Forleifaskráning í Kjósarheppi I, Reykjavík (2008). Birta Lárúsdóttir ritstjóri, Ásta Hermannsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir & Unnur Magnúsdóttir). Þessi óverulega aðalskipulagsbreyting samræmist stefnu aðalskipulags Kjósarhrepps 2017-2029. Ekki er að vænta neikvæðra umhverfisáhrifa af framkvæmdinni.

Breyting í köflum 2.2.2 og 2.3.2 í greinargerð aðalskipulags Breyting verður gerð á töflu „Svæði fyrir fristundabyggð“ á bls. 11 og á töflu „Skógræktarsvæði“ á bls. 17.

FYRIR BREYTINGU

Svæði fyrir fristundabyggð

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F15c Möðruvellir I, Brekkur		Ekkert deiliskipulag er í gildi. Á svæðinu eru 5 hús. Stærð svæðis er um 9 ha

EFTIR BREYTINGU

Svæði fyrir fristundabyggð

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F15c Möðruvellir I, Brekkur		Svæðið er deiliskipulagt fyrir 10 lóðir. Á svæðinu eru 5 hús. Stærð svæðis er um 10,5 ha

FYRIR BREYTINGU

Skógræktarsvæði

Nr.	Heiti/jörð	Lýsing
SL2 Möðruvellir		Skógrækt með ræktunarsamning við Skógræktina. Stærð svæðis er um 34 ha.

EFTIR BREYTINGU

Skógræktarsvæði

Nr.	Heiti/jörð	Lýsing
SL2 Möðruvellir		Skógrækt með ræktunarsamning við Skógræktina. Stærð svæðis er um 30 ha.

SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í hreppsnefnd Kjósarhrepps þann 7. júlí 2021



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 14.09.2021



ÓVERULEG BREYTING Á AÐALSKIPULAGI KJÓSARHREPPS 2017-2029 AFMÖRKUN LANDNOTKUNARREITA



Mælikvarði	Dagsetning	Verkheiti	Skráarheiti	Uppdráttur
1:50.000 (A4)	25.06.2021	a1280-Möðruvellir 1	a1280-Möðruvellir 1.dgn	VP

Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

S. Skelseth

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA